

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík



Reykjavík 16. maí 2017
UST201703-051/B.S.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - fiskeldi að Núpsmýri í Öxarfirði. Frekari umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 11. apríl sl. þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar um svör Íslandsbleikju vegna umsagnar Umhverfisstofnunar dags. 23. mars sl.


Í svörum fyrirtækisins kemur fram að ráðgert er að nýta aðrar aðferðir við hreinsun og förgun seyru þegar fiskeldið verður stækkað. Ráðgert er að setja tromlusíur við öll ker og veita seyrunni út í sjó, en það mun vera þekkt að við slíka hreinsun er unnt að ná allt að 70% af föstum úrgangsefnum úr vatninu, Einnig kemur fram að losun stöðvarinnar í fullum rekstri verði um 2,6 m³/sek en rennsli í viðtaka getur orðið um 500 m³/sek. Ekki kemur fram hvort hér sé um að ræða vatnsmagn í leysingum.


Réttilega kemur fram í svörum Íslandsbleikju að iðulega hafi mælst meiri fosfór og hærra hlutfall svifanga í viðtaka heldur en í frárennsli stöðvarinnar. Einnig er rétt að skilgreining viðtaka tekur ef til vill ekki nægjanlegt tillit til eðlis viðtaka þar sem losun á sér stað á mörkum tveggja viðtaka eins og tilfellið er við Núpsmýri.

Umhverfisstofnun leit í umsögn sinni fremur til þeirra aðferða við mengunarvarnir sem notaðar hafa verið til þessa, þ.e. settjarnir sem ekki hafa reynst sem skyldi og lagt mat á framkvæmdina út frá þeim. Fram kemur að uppbygging í stöðinni verði í áföngum og að ný vöktunaráætlun verði unnin í tengslum við stækkunina.

Í ljósi þess að hingað til hefur ekki orðið vart uppsöfnun næringarefna vegna fiskeldis við Núpsmýri og líklegt sé að viðtakinn sé þess eðlis að hann þoli nokkuð meiri losun auk þess sem mengunarvarnir verða efldar telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér eins og áður var talið. Starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri